

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

## Helstu atriði í starfi Samtaka Heilsuleikskóla starfsárið 2015 – 2016.

Ellefti aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla var haldinn í Íþróttahöllinni Kórnun í Kópavogi 4. Júní 2015. Bjarney Kristín Hlöðversdóttir leikskólastjóri í leikskólanum Kór var fundastjóri. Í dag á tólfta aðalfundi Samtaka Heilsuleikskóla erum við hér í fundarsal Breiðabliks í Kópavogi við hliðina á Fífundi. Hulda Jóhannsdóttir leikskólastjóri í Krók í Grindavík er fundastjóri í dag.

Á dagskrá aðalfundar 2015 voru hefðbundin aðalfundarstörf og kosning stjórnar. Þetta var fjórði aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla eftir andlát Unnar Stefánsdóttur formanns Samtaka Heilsuleikskóla og frumkvöðuls Heilsustefnunnar. Þessi fundur hér í dag er því fimmti aðalfundur Samtaka Heilsuleikskóla sem haldinn er án Unnar.

Blessuð sé minning hennar.

Við þökkum Unni Stefánsdóttur frábæra Heilsustefnu sem hún eftirlét Heilsuleikskólum á Íslandi.

## Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla starfsárið 2015 – 2016.

Kristín Eiríksdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Árbæ á Selfossi er formaður Samtaka Heilsuleikskóla.

Berglind Grétarsdóttir leikskólastjóri í Ungbarnaheilsuleikskólanum Ársól í Reykjavík er varaformaður Samtaka Heilsuleikskóla.

Kristín Sigurbergisdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Bæjarbóli í Garðarbæ er gjaldkeri Samtaka Heilsuleikskóla.

Ólöf Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Heiðarseli Reykjanesbæ er ritari Samtaka Heilsuleikskóla.

Sigrún Hulda Jónsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Urðarhól í Kópavogi er í meðstjórn Samtaka Heilsuleikskóla.

Sigrún Hulda starfaði með Unni Stefánsdóttur frumkvöðli og höfundi Heilsustefnunnar frá upphafi. Sigrún Hulda hefur verið meðstjórnandi í stjórn Samtaka Heilsuleikskóla og ómetanlegur viskubrunnur um Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur.

Þóra Sigrún Hjaltadóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Háaleiti er varamaður í stjórn.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

## Tólfti aðalfundur samtak Heilsuleikskóla er haldinn í fundarsal Breiðabliks.

Fyrsti aðalfundur eftir andlát Unnar Stefánsdóttur var haldinn 16. mars 2012 á Akureyri. Það var Heilsuleikskólinn Krógaból sem hélt fyrsta aðalfund eftir andlát Unnar Stefánsdóttur. Þar var undirrituð kosinn formaður Samtaka Heilsuleikskóla.

Grímur Hákonarson sonur Unnar kom á fundinn og kynnti nýtt félag sem heitir Heilsustefnan og er kennt við Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Fjölskylda Unnar á merki Heilsustefnunnar og rekur Heilsustefnuna og heldur úti heimasíðu um Heilsustefnu Unnar. Fjölskyldan vill þannig varðveita minningu og verk Unnar og gera upplýsingar um Heilsustefnuna aðgengilegar á heimasíðu. Fjölskyldan bauð Samtökum Heilsuleikskóla að vera með á heimasíðunni. Ingunn Ríkhardsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Garðaseli á Akranesi sér um heimasíðuna fyrir Samtök Heilsuleikskóla. Henni til aðstoðar er Ingunn Sveinsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í Garðaseli.

Í dag er hlutverk heimasíðunnar að veita upplýsingar um Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og Samtök Heilsuleikskóla og hvert leikskólar geta snúið sér ef þeir hafa áhuga á að gerast Heilsuleikskólar. Jafnframt er þar listi yfir Heilsuleikskóla og leikskóla á Heilsubraut, hægt er að far inn á heimasíður Heilsuleikskólanna þar og skoða hvern Heilsuleikskóla eða skoða þær upplýsingar sem hver Heilsuleikskóli veitir. Fundagerðir stjórnar Samtaka Heilsuleikskóla verða einnig á heimasíðunni og fundagerðir nefnda sem ákveðið verður að starfi hverju sinni undir stjórn Samtaka Heilsuleikskóla. Þannig getur hinn almenni félagsmaður fylgst með og jafnvel boðið fram krafta sína.

Þegar lagt var af stað með vinnu að Heilsubók ungbarna var hugmyndin sú að hún væri ekki til útfyllingar, heldur væri bókin til upplýsinga fyrir þá sem vinna með börn undir tveggja ára aldri í Heilsuleikskólum. Á aðalfundinum á Akureyri 2012 kom skýrt fram að fundarmenn vildu að bókin væri til útfyllingar að einhverju leiti. Heilsubók ungrabarna (2011) er tvö skráningarblöð sem fara fremst í Heilsubók barnsins ef börnin byrja undir tveggja ára aldri í Heilsuleikskólanum. Þessi skráningarblöð eru sett eins upp og þau skráningarblöð sem eru í Heilsubók barnsins. Skráð er á blaðið á vorönn þar sem gert er ráð fyrir að í fyrsta viðtalinu á haustönn fari fram kynning á Heilsubókinni, Heilsustefnunni og almennri aðlögun barnsins. Heilsubók ungbarna er þannig hluti af Heilsubók barnsins.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016


Í tilefni af fæðingardeggi Unnar Stefánsdóttur sem var 18. janúar var ritið; Áhersluþættir Heilsustefnunnar gert opinbert á heimasíðu Heilsustefnunnar daginn fyrir afmælisdaginn eða föstudaginn 17. Janúar 2014. Markmið þessa rits er að ná fram sameiginlegri sýn á áhersluatriði Heilsuleikskóla. Kennarar og foreldrar fara saman yfir Áhersluþættina og skoða hvernig hægt er að gera umhverfið hvetjandi fyrir börn til að auka færni þeirra og þroska.

Á aðalfundi Samtaka Heilsuleikskóla í Fífunni 18. mars 2013, sýndi ég ykkur hvernig Heilsubókin nýttist sem matstæki fyrir innra mat og einstaklingsmat í leikskóla. Þetta var verkefni sem þær unnu Sigríður Birna Birgisdóttir leikskólastjóri í Brimveri/Æskukoti og Sigríður Ásdís Jónsdóttir sérkennslustjóri í Árbæ.

Niðurstöður úr Heilsubókinni eru hvort tveggja upplýsingar um hvert barn og stöðu þess í leikskólanum og mat á deildarstarfinu eða mat á leikskólastarfinu í heild sinni. Þar er hægt að skoða hvernig leikurinn er á deildinni, hvernig samskipti barnanna eru og hvernig börnunum líður á deildinni og þá hvernig börnunum líður almennt í leikskólanum. Hvernig samskiptin eru innan leikskólans og hvernig leikurinn er innan leikskólans, hvort börnin eru í einleik, samhliðaleik, félagslegum leik, ímyndunarleik, eða hvort þau eru áhorfendur í leik og hvernig úthald þeirra er. Hægt er að fá vitneskju um hreyfiproska barnsins með því að skoða Heilsubók þess. Hægt að fá vitneskju um hvert barn með því að skoða Heilsubók. Mikilvægt er að vinna rétt með Heilsubókina og samræma yfir allan leikskólann hvernig merk er í bókina.

Heilsubókin er frábært verkfæri og eins og áður segir, getum við nýtt hana sem matstæki í innramati og einstaklingsmati í leikskólanum. Ákveðið var að hafa námskeið í skráningu í Heilsubók og mikilvægi þess að samræma að minnsta kosti innan hvers leikskóla, hvernig unnið er með skráningu í Heilsubók og þá samræma milli leikskóla sem mega nota Heilsubókina. Rætt var um ábyrgð þeirra sem skrá í Heilsubókina. Fyrsta námskeiðið var haldið síðasta haust, haustið 2015. Ég fór sjálf á námskeiðið ásamt þremur leikskólakennurum úr mínum skóla, Árbæ og heillaðist ég enn og aftur af þessari frábæru bók, aðal verkfæri og matstæki Heilsustefnunnar.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016



**Rafræn Heilsubók:** Ég tel mikilvægt er að hægt sé að skrá rafrænt í Heilsubók barnsins. Það mun létta vinnuna og auðvelda notkun Heilsubókarinnar sem matstæki. Umræður hafa verið um það innan stjórn Samtaka Heilsuleikskóla að hægt sé að skrá í Heilsubók rafrænt. Sigrún Hulda Jónsdóttir tók að sér að kanna málið þar sem að hún þekkir til aðila sem kunna og geta gert Heilsubókina rafrænt. Samtök heilsuleikskóla þurfa að þarfagreina verkefnið. Þess vegna þarf að stofna hóp um rafræna Heilsubók, þar sem rætt verður hvernig rafræna skráningin þurfi að vera til þess að Heilsubókinn nýtist sem best. Þetta er verkefni næsta árs hjá stjórn samtaka Heilsuleikskóla að gera skráningu í Heilsubókina rafræna, svo hægt verði að skrá í hana í Ipad og í tölvu.

**Ábending:** Heilsubók barnsins mega einungis þeir leikskólar nota sem hafa fengið viðurkenningu sem Heilsuleikskólar og leikskólar á Heilsubraut, enda hafi þeir greitt afnotagjald fyrir Heilsubók barnsins. Einungis stjórn Samtaka Heilsuleikskóla hefur leyfi til þess að dreifa Heilsubókinni. Hins vegar ber Heilsuleikskólum að kynna hana fyrir foreldrum og því samfélagi sem leikskólinn er í og kynna þannig sérstöðu Heilsuleikskólanna sem starfa eftir stefnu Unnar Stefánsdóttur.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

**Vinnudagur 2. Júní 2014:** Á stjórnarfundum Samtaka Heilsuleikskóla 30. september 2013 var rætt um að hafa vinnudag Heilsuleikskólanna. Rætt var um þörf á gátlistum fyrir Heilsuleikskólanna, þannig að hver leikskóli skoði hjá sjálfum sér og meti, hvort og hvernig hann er að vinna samkvæmt Heilsustefnunni. Gátlistarnir væru svipaðir innra mati vegna aðalnámskrár leikskóla og vegna laga um leikskóla. Gátlistarnir eru þannig að Heilsuleikskólar meta sjálfir hvort þeir eru að vinna að viðmiðum Heilsustefnunnar og hvað þeir þurfa að bæta, út frá þeirri niðurstöðu gera leikskólarnir úrbótaáætlun. Vinnufundurinn var haldinn 2. júní 2014 í Rauða-húsinu á Eyrarbakka. Þar hófst vinna við gátlistanna sem verða kynntir hér á eftir.

Gátlistarnir eiga að gæta hagsmuna Heilsuleikskóla. Gátlistarnir eiga að gera það auðveldara fyrir stjórnendur Heilsuleikskóla að halda leikskólunum innan viðmiða Heilsuleikskóla og auðvelda gerð úrbótaáætlana.

Umræður voru á stjórnarfundum Samtaka Heilsuleikskóla skólaárið 2014 til 2015 að gera þyrfti viðmiðunarmatseðal fyrir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Stjórnin sá það fyrir sér að þessir matseðlar væru inni á heimasíðu Heilsustefnunnar opnir fyrir öllum. Ingunn Ríkarhdsdóttir Leikskólastjóri í Garðaseli á Akranesi og einn af frumherjum Samtaka Heilsuleikskóla benti á að Skólar ehf hafa verið tilnefndir til verðlauna fyrir matseðla sína. Ingunn benti á þá leiða að semja við Skóla ehf um kaup á matseðlum eða aðgangi að þeim og Næringarstefnu. Síðastliðið skólaár vann stjórn Samtaka Heilsuleikskóla að því að ná samningum við Skóla ehf og var skrifað undir samninginn 15. mars 2016.

Á eftir mun Ólöf K. Sívertsen kynna Næringastefnu Samtaka Heilsuleikskóla og matseðla en matseðlunum fylgja uppskriftir og áætlun um hvað mikið magn þarf miðað við 100 börn. Þetta er Næringarstefna sem er samhljóma þeirri Næringarstefnu sem kemur fram í Grænuþóki eða Bókinni: Heilsustefnann útgefinn 2006. Næringarstefna og matseðlar ásamt uppskriftum sem að Samtök Heilsuleikskóla hafa keypt aðgang að frá Skólum ehf á kr. 300.000 og hver Heilsuleikskóli getur keypt aðgang að fyrir fimmtíu þúsund krónur.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

**Skjalavarsla:** Haustið 2015 fór ég með öll gögn sem mér voru fenginn þegar ég varð formaður Samtaka Heilsuleikskóla og vörðuðu sögu Heilsustefnunnar og Unni Stefánsdóttur á Héraðsskjalasafn Árneseinga. Þar geta þeir sem ætla að gera rannsóknir um eða skrifa um Heilsustefnuna og Unni Stefánsdóttur fundið gögnin.

Unnur Stefánsdóttir var frá Vorsabæ í Gaulverjabæ í Árnessýslu og er því eðlilegt að upplýsingar um hana séu vistaðar á Héraðsskjalasafni Árneseinga. Þetta var gert í samráði við Hákon Sigurgrímsson eftirlifandi eiginmann Unnar.

**Framtíðarsýn:** Þegar framtíðarsýn er mótuð er mikilvægt að þekkja fortíðina sem framtíðarsýn á að byggja á. Hlutverk Samtaka Heilsuleikskóla er að gæta hagsmuna Heilsuleikskóla, efla samheldni þeirra og skapa vettvang til fræðslu og skoðanaskipta. Samtökunum er ætlað að stuðla að lærdómssamfélag Heilsuleikskóla og heilsueflingu í leikskólasamfélaginu.

Samtök Heilsuleikskóla eru fyrst og fremst fagleg og til stuðnings fyrir leikskóla sem vinna eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur. Samtökin halda utan um þróun á Heilsubók barnsins. Ég tel mikilvægt að gera Heilsubók barnsins og Ungbarna - Heilsubókina þannig að hægt sé að fylla rafrænt í hana í lpad og tölvum. Rafrænn skráning í Heilsubók barnsins auðveldar notkunn hennar.

Heilsustefna Unnar Stefánsdóttir þarf að þróast áfram í takt við samfélagið, lög um leikskóla, aðalnámskrá fyrir leikskóla, reglugerðir um leikskóla og standast þær kröfur sem gerðar eru til leikskólastarfs á Íslandi. Heimasíða samtakanna þarf að vera skýr og aðgengileg, jafnt fyrir foreldra, Heilsuleikskóla, almenning og fræðimenn.

Félagsmenn í Samtökum Heilsuleikskóla þurfa að hugleiða hvernig best sé að halda áfram, að Samtökin virki sem best og nýtist félagsmönnum, hvernig viljum við sjá Samtökin þróast áfram. Afl grasrótarinnar þarf að nýtast. Spyrja þarf hvernig er hægt að virkja grasrót Samtakanna? Hvernig er best að Samtökin starfi svo þau vaxi og dafni? Hafa ber í huga að allir félagsmenn Samtaka Heilsuleikskóla bera ábyrgð á framgangi Heilsustefnunnar, hver í sínum leikskóla.

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

## Fjöldi Heilsuleikskóla - nýir Heilsuleikskólar og Leikskólar á Heilsubraut

Í dag hafa 25 leikskóli fengið viðurkenningu sem Heilsuleikskóli. Fyrsti Heilsuleikskólinn fékk viðurkenningu sem Heilsuleikskóli 1996. Fjórir Leikskólar eru á Heilsubraut og eru að aðlaga starfið að Heilsustefnunni áður en þeir fá formlega viðurkenningu sem Heilsuleikskólar.

Urðarhóll í Kópavogi 1996

Krókur í Grindavík 2003

Garðasel á Akranesi 2004

Heiðarsel Reykjanesbæ 2004

Suðurvellir í Vogum 2005

Árbær í Árborg 2007

Krógaból á Akureyri 2007

Krakkakot á Hornafirði 2008

Laufás á Þingeyri 2008

Kór í Kópavogi 2008

Fálkaborg í Reykjavík 2009

Bæjarból í Garðabæ 2010

Háaleiti í Reykjanesbæ 2010

Hamravellir í Hafnarfirði 2010

Brimver á Eyrarbakka 2010

Æskukot á Stokkseyri 2010

Kæribær á Klaustri 2010

Holtakot á Álftanesi 2011

Skógarland á Egilsstöðum 2012

Álfasteinn í Hörgársveit 2012

Garðasel í Reykjanesbæ 2012

Fífusalir í Kópavogi 2013

Heklukot á Hellu 2013

Ársól í Reykjavík 2013

Andabær á Hvanneyri 2013

# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

## **Leikskólar á Heilsubraut**

Leikskólinn Krílakot og Kátakot á Dalvík

Leikskólinn Brekkubær á Vopnafirði

Leikskólinn Krílabær Raufarhöfn

**Við bjóðum þessa leikskóla hjartanlega velkomna í Samtök Heilsuleikskóla og ég veit að þeir eiga eftir að bæta hópinn.**



# Ársskýrsla Samtaka Heilsuleikskóla 2015 – 2016

## Stjórnarkjör Samtaka Heilsuleikskóla:

**Kjósa á formann og varaformann Samtaka Heilsuleikskóla á hverju ári.**

Kristín Eiríksdóttir formaður gefur ekki kost á sér áfram.

Sigrún Hulda Jónsdóttir meðstjórnandi gefur kost á sér í formannssætið.


Berglind Grétarsdóttir varaformaður Samtaka Heilsuleikskóla gefur kost á sér áfram starfsárið 2015 til 2016.

Kristín Sigurbergsdóttir leikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Bæjarbóli í Garðarbæ gjaldkeri gefur ekki kost á sér áfram

Ólöf Guðmundsdóttir aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Heiðarseli Reykjanesbæ ritar, gefur kost á sér áfram. Þóra Sigrún Hjaltadóttir varamaður gefur kost á sér í gjaldkerastarfið.

## Ég vísa eftirfarandi umræðuefni undir liðnn Önnur mál:

1. Rafræn Heilsubók – þarfagreining  
Heilsubókin að það verði hægt að fylla inn í Heilsubókina rafrænt
2. Gjald vegna aðildar og árgjald
3. Námskeið, hvernig á að fylla inn í Heilsubók barnsins og Ungbarnaheilsubókina
4. Námskeið um Næringarstefnu Samtaka Heilsuleikskóla og matseðla – uppskriftir



Kristín Eiríksdóttir

Formaður Samtaka Heilsuleikskóla